

2007040011

3714

Umhverfisstofnun
Hjalti J. Guðmundsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 25. janúar 2010

/--

Efni: Verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökull 2010-2020 og umhverfismat áætlana.

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar, dags. 19. október 2009 og tölvupósts 18. janúar 2010, þar sem óskað er eftir að ákvörðun Skipulagsstofnunar, frá 2. maí 2007 skv. 3.mgr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana nr 105/2006, sé endurskoðuð í ljósi þess að efni og áherslum verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul hafi verið breytt frá þeirri tillögu sem stofnunin byggði framangreinda ákvörðun sína á. Með framangreindum tölvupósti Umhverfisstofnunar fylgdi ódagsett greinargerð með heitinu: *Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Verndaráætlun 2010-2020, Lokadrög.*

Framangreind lokadrög að verndaráætlun eru tvískipt. Í fyrra hlutanum er kafli sem lýsir almennum markmiðum verndaráætlunarinnar og er hann til ákvörðunar og staðfestingar umhverfisráðherra. Í markmiðshlutanum er sett fram stefna sem varðar leyfisveitingar fyrir framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í seinni hlutanum er kafli með yfirskriftinni "Leiðir til að ná fram markmiðum verndaráætlunarinnar", sem ekki mun verða hluti staðfestrar verndaráætlunar. Í kaflanum eru m.a. tilgreindar aðgerðir og framkvæmdir sem falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og í sumum tilvikum einnig lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þar af leiðir einnig undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Það er því mat Skipulagsstofnunar að ákvarðanir um framkvæmdir, sem tilgreindar eru sem leiðir að markmiðum, verði fyrst teknar í skipulagi svæðisins. Jafnframt að betur geti átt við, m.t.t. umfangs og áherslna, að meta umhverfisáhrif þeirra á því ákvörðunarstigi.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að Verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökull 2010-2020, falli ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Auglýsing um að ákvörðun liggja fyrir mun birtast á næstu dögum í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Heimilt er að kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu tilkynningar um ákvörðun stofnunarinnar.

Hafdís Hafliðadóttir